

**Sp.**

**1027. Þingsályktun**

**[116. mál]**

um aukna hagnýtingu innlendra byggingarefna og hagkvæmni við byggingarframkvæmdir.

(Afgreidd frá Sp. 21. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hana og síðan reisa tilraunahús við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Húsið skal vera svonefnd rammabygging, þar sem unnt er að skipta um vegg- og þakeiningar í rannsóknaskyni. Markmiðið með því skal vera að hagnýta sem mest innlend byggingarefni til byggingarframkvæmda og nýta jafnframt þá bestu tækni, sem þekkest hjá öðrum þjóðum, til að lækka byggingarkostnað, stytta byggingartíma og reisa vandaðar byggingar er henta sem best íslenskum aðstæðum.